

1. mars 2018

Málsnr. 1509436

## **Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla Hafnarfirði.**

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 3. október 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sörlasvæðið og að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér stækkun lóðar og byggingarreits Sörlastaða, ípróttá- og félagasaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla ásamt breytingu á aðkomu og legu bílastæða og aðkomu keppenda. Lega reiðleiða breytist í samræmi við það ásamt göngustígum. Núverandi gerði færast til. Byggingarlóðir við Sörlaskeið 7 og Fluguskeið 3 felldar út.

Athugasemdarfrestur er liðinn og bárust athugasemdir.

### **Athugasemdir:**

Við undirritaðir eigendur Sörlaskeiðs 9, 11 og 13 gerum hér með athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla, sem auglýst var frá 8. desember 2017 – 19. janúar 2018, með athugasemdafresti til 19. janúar 2018.

Athugasemdir okkar eru eftirfarandi:

- Eigendur hússins að Sörlaskeiði 9 þurfa að vélmoka út úr húsi sínu í gegnum gerðin við húsið, ef þessi breyting verður að veruleika er eina leið þeirra í gerðin af þessum nýja reiðvegi, sem varla getur talist heppilegt.
- Staðsetning á nýju reiðgerði þ.e. fyrir aftan reiðskemmuna er of nálægt Sörlaskeiði og Fluguskeiði því á þessum gatnamótum er talsverð umferð. Gerði af þessu tagi er mikið notað fyrir byrjendur í hestamennsku og fólk sem er á lítið eða jafnvel ótömdum hestum sem hræðast auðveldlega bílaumferð og getur skapað stórhættu.
- Í tillögu er gert ráð fyrir auknum bílastæðum. Okkur finnst hér um harla mikið jarðrask að ræða sem útheimtir ma. að rifin verður upp skjólgóður gróður sem er í góðu ástandi fyrir bílastæði sem standa síðan auð flesta daga ársins.
- Sá gróður sem fyrirhugað er að fjarlægja hefur í gegnum tíðina veitt ótvírætt skjól á svæðinu sérstaklega í þeirri sterku norðanátt sem ríkir. Gróðurinn sem um er að ræða heftir einnig ryk á svæðinu sem óneitanlega er fylgifiskur malarvega svæðisins.
- Ný akstursleið sem gert er ráð fyrir í tillögunni þverar reiðveg sem mikið er notaður. Þessi nýja akstursleið sem þverar reiðveginn kemur til með að auka mikið slyshættu og auka hraða ökutækja á svæðinu til mikilla muna.



- Við teljum að ekki sé um bílastæðavandamál að ræða á svæðinu og því mótmælum við þessari aukningu á bílastæðum. Þessu til rökstuðnings, nefnum við að á stærsta móti sem hestamannafélagið Sörli hefur haldið, Íslandsmótinu í hestaþróttum árið 2010, sem var mjög vel sótt, var ekki um neina vöntun á bílastæðum að ræða.
- Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að byggja nýja reiðhöll teljum við ekki þörf á því að bætt verði við nýrri aðkomu og bílastæðum. Til eru nokkur dæmi um það hér í Hafnarfirði að bætt hefur verið við íþróttahús eða byggð ný þar sem ekki hefur verið bætt við bílastæðum.

### Umsögn og svör við athugasemdum.

Varðandi þá athugasemd að eigendur við Sörlaskeið nr. 9 þurfi að vélmoka útúr húsi sínu frá bæjarlandi skal á það bent að skv. samþykktri grunmynd frá 15. ágúst 2006 er sýndur sameiginlegur stígur innan lóðar sem gerir ráð fyrir að hægt sé að koma tækjum að hverju húsi fyrir sig og vinna alla vinnu innan lóðar.

Athugasemd sem snýr að reiðskemmu og umferð í kringum hana að þá gerir þetta nýja deiliskipulag einmitt ráð fyrir því að umferð á þessum stað minnki þar sem ný bílastæði með nýrri aðkomu hafa verið færð til. Öll umferð að reiðskemmu/Sörlastöðum munu því fara um nýjan veg og gerir því svæðið í kringum gerðið rólegra.

Nefnt er að verið sé að auka bílastæði en í raun er verið að færa þau til. Aukningin er einungis um 30 stæði. Hins vegar er rétt að fallett hraunsvæði fer undir bílastæðin en það verður reynt að taka tillit til gróðurs og hrauns eins og kostur er. Ekkert er því til fyrirstöðu að planta þarna frekari gróðri til að mynda skjól og til yndisauka.

Rétt er að hin nýja akstursleið að bílastæðum þverar reiðleið að svæðinu. Það er fordæmi fyrir því á fleiri stöðum. Til þess að bregðast við umferðaröryggismálum munu allar akstursleiðir verða merktar vistgötur enda kemur fram í núgildandi skilmálum fyrir svæðið að hámarkshraði skuli vera 15 km/kl. Settar verða upp þrengingar þar sem reiðstígar og akstursleiðir mætast eða þvera hvor aðra.

Möguleiki er á því að lokað verði fyrir gegnumakstur á öllu Sörlaskeiði þeas á milli svæðana tveggja og öikumenn því hvattir til að keyra inná á sín svæði frá Kaldárselsvegi.

Gegnumakstur um Fluguskeið verður takmarkaður og munu þeir sem þurfa að komast að hesthúsum sínum í austari hluta svæðisins þurfa að nota suðaustur tengingu við Kaldárselsveg í stað þess að keyra í gegnum allt svæðið.

Það verður sett stöðvunarskylda á Fluguskeið við Sörlaskeið þar sem hornið er blint.

Það þarf að tryggja góðar sjónlínur við Kaldárselsveg og Fluguskeið með því að grisja gróður á blindhorni.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður  
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

